

Sviðsljós

DV

Ólyginn sagði...




Cher

ætlað að feta í fótspor Eltons John sem um daginn hélt uppboð á gleraugum, fötum og alls konar hlutum sem safnast höfðu saman hjá honum. Cher hefur ekki notað gleraugu en á löngum söngferli hefur safnast fyrir mikið af sviðsfötum sem hún hefur haldið til haga. Ástæðuna fyrir uppboðinu segir hún eingöngu vera að rýma til á heimili sínu.



Sean Connery

hefur fengið skipun frá lækni sínum um að þega í óákveðinn tíma. Leikarinn frægi, sem er orðinn 58 ára gamall, hefur undanfarið verið við tókur á kvikmyndinni Family Business. Þar leikur hann föður Dustins Hoffman og hlutverk hans kallar á mikil öskur og rífrildi og er greinilegt að álagið hefur verið of mikið fyrir raddböndin.



Boy George

hefur ákveðið að taka tíma í sjálfsvarnarlist. Ástæðan er að ráðist var á hann fyrir stuttu fyrir utan upptökustúdíó þar sem hann er að vinna að plötu. Þrír menn réðust á hann og rændu hann úri, skartgripum og peningum. Ekki nóg með það heldur skildu þeir við hann í blóði sínu á götunni.

Sýning SÚM-ara á Kjarvalsstöðum:

Listaverk eða furðuhlutir?

Það heyrðust mörg andvörpin frá opnunargestum á yfirlitssýningu SÚM-hópsins á laugardaginn, enda engin furða. Mörg verkanna, sem eru öll frá 1965-1972, eru ekki beint í anda þess sem flokkast undir list.


Á sýningunni eru um það bil eitt hundrað verk eftir fimmtán listamenn er voru hluti SÚM. Listamenn sem á sínum tíma boðuðu nýja list þar sem hefðbundin list var látin lönd og leið og hugmyndafluginu sleppt lausu.

Það eru margir sem minnst þess að á sínum tíma öllu listaverkin deilum og hneykslun margra. Í dag vekja verkin athygli og skemmtun og minna á skemmtilegan tíma í menningarlífi þjóðarinnar.

Á myndunum hér á síðunni eru nokkur sérkennileg verk og má sjá viðbrögð áhorfenda sem voru misjöfn. -HK




Hrúgan heitir þetta verk eftir Kristján Guðmundsson. Og ætti engan að undra þótt margir hafi sett upp furðu- og undrunasvip fyrir framan verkið.




Stjörnur af himnum fallnar heitir þetta verk eftir Þórð Ben Sveinsson. Eins og sjá má eru þetta kartöflur og gerðu margir stutt stopp við kartöflurnar og hugsuðu stíft.



Sjálfsgat eru konur þessar að hugsa hvort ljós sem þetta myndi auðvelda þeim vinnuna við að strauja.



Þessum litla dreng list örugglega vel á kálfinn og skilur sjálfsgat ekki hvernig hann fer að því að vera alltaf í sömu sporum. Annars heitir verkið Góðan daginn, Góðan daginn og er eftir Þórð Ben Sveinsson.



Tveir listunendur af eldri kynslóðinni, Guðmundur Árnason og Þorvaldur Guðmundsson. Guðmundur er faðir Sigurðar og Kristjáns sem eru meðal þeirra er sýna á yfirlitssýningunni.



Skilur þú þetta, gæti stúlkan verið að segja við manninn gegnt sér. Verkið heitir Handhæga settið og er eftir Magnús Tómasson. Verkið samanstendur af skjalatösku, þyrnum og nöglum.



Kona þessi starir athugulum augum á gamalt útlarp og hrífu. Verk þetta heitir annars Stöð A og er eftir Sigurð Guðmundsson.



Það hlýtur að vera í lagi að snerta, þetta er bara hey, gæti konan á myndinni verið að hugsa. Sigurður Guðmundsson á heiðurinn af þessu verki sem hann hefur nefnt A Nice Girl And A Boy.



Hjörtur Hjálmarsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, flytur gamanmál á þorablötinu. DV-myndir Reynir

Flateyri:

Fjölmennt á Stútung

Reynir Traustason, DV, Flateyri:

Stútungur, árlegt þorablót Flateyringa, var haldið í febrúar að venju. Þar mætti fjöldi manns til að gera sér glaðan dag. Stútungur var að þessu sinni haldinn í 55. sinn og má geta þess að nafngiftin visar til stórfiskjar. Hér áður voru hald-

ar þrjár samhangandi hátíðir, það er „Stútungur“ fyrir hjónafólk og húseigendur, „Bútungur“ fyrir einhleypa, 16 ára og eldri, og „silaball“ fyrir börnin.

Nú er Bútungur aflagður en silaball og Stútungur árvissir viðburðir, sem fáir láta framhjá sér fara.